

Umhverfis- og samgöngunefnd

Alþingi

101 Reykjavík

Reykjavík, 07.10.2024

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til styrkingar á réttarúrræðum vegna umhverfismála og réttinum til heilnæms umhverfis.

Landvernd vísar til fyrri umsagnar um málið og ítrekar að samtökin fagna öllum skrefum í þá átt sem eru til þess fallin að styrkja stöðu Árórsarsamningsins og áframhaldandi innleiðingu hans.

Kafli II. Breyting á lögum um félög til almannaheilla.

Landvernd tekur sérstaklega undir mikilvægi þess að styrkja stærri almanna- og félagasamtök fyrir dómstólum.

Greinargerð

Landvernd tekur undir það sem fram kemur í greinargerð, líkt og í fyrri umsögn um málið:

„ Hér á landi hefur borið á því að aðgangur félagasamtaka, einstaklinga og fræðimanna að réttarúrræðum vegna málefna sem varða umhverfið sé of takmarkaður en megininntak samningsins er að tryggja réttláta málsmeðferð í umhverfismálum með bættu aðgengi að upplýsingum og með aukinni þátttöku almennings í ákvarðanatöku. Rétturinn til heilnæms umhverfis er undirstrikaður í upphafsorðum Árórsamningsins þar sem ofin eru saman mannréttindi. Með samningnum er viðurkennt að sérhver manneskja eigi rétt til þess að búa í heilnæmu umhverfi sem mæti þörf hennar fyrir heilsu og velferð. Þá beri mannum skylda, einum og í samstarfi við aðra, að vernda og hlúa að umhverfinu fyrir núverandi og komandi kynslóðir “.

Virðingarfyllst,

Þorgerður M Þorbjarnardóttir

Formaður